

stefnda, Höyðal, fyrir andvirði hinna óskiluðu áhaldna, og ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og leggja fyrir fógetann að framkvæma hið umbeðna fjárnám.

Málskostnaður þykir eftir atvikum mega falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal úr gildi feldur, og ber fógetanum að framkvæma fjárnámið.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 6. september 1915.

Nr. 47/1915.

Réttvísinn

gegn

Sigurði Gíslasyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Árnassýslu, uppkveðnum 28. maí þ. á. var hinn ákærði, Sigurður Gíslason trésmiður á Eyrarbakka, dæmdur fyrir einfaldan þjófnað til að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan sakarkostnað í héraði, þar með talin varðhaldskostnað og málsvarnarlaun til skipaðs sækjanda Jóns hreppstjóra Einarssonar fimm.

krónur. Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins af hálfu réttvísinnar.

Með eiginni játningu ákærða og öðrum skýrslum í málinu, er það löglega sannað, að hann hafi 9. desember f. á. kl. 3—4 e. h. stolið 5 pd. færi eða linu er talin hefir verið 5 kr. 55 aura virði, úr vörugeymsluhúsi kaupfélagsins »Ingólfs« á Eyrarbakka (Háeyri); fór hann í þessu skyni inn í ólæstan skúr, áfastan við geymsluhúsið, og úr skúrnum inn í það um opnar dyr eða lúkugat, eins og segir í prófunum. Dyrnar á skúrnum voru að visu aftur, þegar ákærði kom að þeim en ólæstar eins og sagt var. Ákærði hafði færið heim með sér, kastaði eign sinni á það, og ætlaði að hagnýta sér það, en er uppvíst varð um tiltæki hans, borgaði hann andvirði þess réttum eiganda.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir áður eigi sætt dómi eða refsingu fyrir neinn glæp. Þetta afbrot hans hefir héraðsdómarinn réttilega heimfært undir 230 gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869, og þykir refsingin hæfilega ákveðin 5 daga fangelsi við vatn og brauð, eins og gert er í undirréttardóminum. Með því að ákvæði dómsins um málskostnað einnig samþykkjast verður að staðfesta hann í öllum greinum. Ákærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflytningslaun hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 15 kr. til hvors þeirra.

Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málfærslulaun við yfirdóminn lög-mæt.

Þvi dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður.

Ákærði, Sigurður Gíslason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málfærslulaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar, 15 krónur til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 25. október 1915.

Nr. 58/1915.

Réttvísni

gegn

Tómasi Jónssyni.

D ó m u r :

Mál þetta var höfðað fyrir aukarétti Skagafjarðarsýslu gegn hinum ákærða Tómasi Jónssyni á Hamri í Rípurhreppi og meðákærða í héraði Jóni Jónssyni í Viðvík, áður á Þönglaskála. Var hinn fyrnefndi með dómi téðs réttar, uppkveðnum 29. júní þ. á., dæmdur í 1 árs betrunarhússvinnu samkvæmt 250. gr. og 273 gr. sbr. 274. gr. (mun vera ritvilla fyrir 272. gr. sbr. 273. gr.) almennra hegningarlaga 25. júní 1869, og til að greiða varðhaldskostnað sinn, málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns Jóns hrepp-